Fundargerð Öldungaráðs

24. fundur - 15. október 2026

24. fundur Öldungaráðs

Fundargerð

DAGSETNING	15. október 2026
TÍMI	10:00
STAÐUR	Ráðhús Snæfellsbæjar

Fundarmenn

Nafn	Hlutverk
Sveinn Þór Elinbergsson	Formaður
Atli Alexandersson	
Jón Guðmundsson	
Svanhildur Pálsdóttir	
Steiney Kristín Ólafsdóttir	
Gerður Þórðardóttir	
Ragnheiður Víglundsdóttir	Ritari fundargerðar
Ingveldur Eyþórsdóttir	Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Sveinn bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Erindisbréf nefndarinnar

Sveinn Þór las yfir erindisbréf nefndarinnar.

Ingveldur sagði frá velferðarnefnd á Snæfellsnesi. Ákveðið var að stofna sameiginlega nefnd um velferðarmál á Snæfellsnesi.

2. Kosningar og tilnefningar

VARAFORMAÐUR	Svanhildur Pálsdóttir
RITARI	Ragnheiður Víglundsdóttir
SAMRÁÐSHÓPUR	Steiney Kristín Ólafsdóttir

Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga tekur að sér að rita fundargerðir og koma þeim á rafrænt form.

Öldungaráðið tilnefndi Steineyju Kristínu Ólafsdóttur sem fulltrúa í samráðshóp vegna heilsueflingar innan Snæfellsbæjar.

3. Fundardagar

Ákveðið var að halda þrjá fundi á ári. Næsti fundur verður 24. nóvember kl. 13:00.

4. Önnur mál

- Rætt var um líkhúsið í Ólafsvík.
- Ingveldur sagði frá væntanlegu hreyfidagatali sem Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hyggst færa Öldungaráði.
- Ingveldur fór yfir stöðu verkefnisins Gott að eldast.